

# Daglegt líf

Páll og Díska eiga heima í Reykjavík, höfuðborg Íslands. Þar búa þau í íbúð í blokk. Íbúðin er stór og góð. Hún er þrjú herbergi: stofa og tvö svefnherbergi. Þar er líka eldhús og bað. Í kjallaranum er geymsla. Á morgnana safnast öll fjölskyldan saman í eldhúsinu til að borða morgunmat, hlusta á útvarpið og tala saman. Pabbi vaknar venjulega fyrstur og vekur þá mömmu og krakkana. Hann hitar kaffivatnið, leggur á borð, ristar brauðið og spælir egginn. Á meðan fjölskyldan situr við morgunverðarborðið spjalla þau saman.

Pabbi: Jæja, krakkar. Hvað eigið þið að læra í skólanum í dag?

Ása: Ég á að æfa mig í að lesa og reikna.

Jón: Við Siggi eigum að fara í handmennt og leikfimi, en það er líka lestur og reikningur hjá okkur.

Pabbi: Finnst ykkur gaman í skólanum?

Siggi: Nei, það er hundleiðinlegt.

Jón: Já, það er nú svolítið skemmtilegt stundum, sérstaklega í tónmennt.

Mamma: Nú verðið þið víst að fara að flýta ykkur í skólann.

Pabbi: Já, alveg rétt. Klukkan er að verða átta. Fariði nú varlega í umferðinni. Passið ykkur nú á bílunum.

# Neosobní vazby

**DAT: mér þykir/finnst gaman**

Mér þykir gaman að hlusta á tónlist.

Mér finnst kvikmyndin gaman.

**mér líkar e-ð**

Mér líkar tónlist.

Mér líkar vel í vinnunni.

Mér líkar vel við þig.

**mér líst (ekki) vel á e-ð (lítast)**

Mér líst vel á íslenska hesta.

**ACC: mig langar**

Mig langar að fara í sund.

Mig langar í kaffi.

Hvar búa Páll og Dísá?

Hvað eru mörg herbergi í íbúðinni?

Hvað gerir fjölskyldan á morgnana?

Hvernig býr pabbi til morgunmat?



Hvað eru mörg börn í fjölskyldunni?

Hvað eiga strákarirnir að gera í skólanum í dag?

Finnst strákunum gaman í skólanum?

Hvað þykir Jóni gaman?

# Hvað heita herbergin?



# Určování času

um morguninn / á morgnana (ráno)

fyrir hádegi = fyrri partinn = árdegis (dopoledne)

eftir hádegi = seinni partinn = síðdegis (odpoledne)

á kvöldin (večer)

á nóttunni (v noci)

í dag (dnes)

í morgun (dnes ráno)

í kvöld (dnes večer)

í nótt (dnes v noci)

í gær (včera)

í gærmorgun (včera ráno)

í gærkvöld(i) (včera večer)

á morgun (zítra)

í fyrramálið (zítra ráno)

annað kvöld (zítra večer)

# Určování času

klukkustund (F) / (klukku)tími (M) – hodina

tvær klukkustundir / tveir (klukku)tímar – dvě hodiny

fyrir tveimur tímum (DAT) – před dvěma hodinami

eftir tvo tíma (ACC) – za dvě hodiny

hálf tími (M) - půlhodina

korter (N) - čtvrt hodina

mínúta (F) - minuta

sekúnda (F) - sekunda

hádegi (N) – poledne; um hádegi – v poledne

miðnætti (N) – půlnoc; á miðnætti – o půlnoci

# Hodiny

07:00 / 19:00 klukkan er sjö

(um morguninn / um kvöldið)

07:05 / 19:05 klukkan er fimm mínútur **yfir** sjö

07:15 / 19:15 klukkan er korter **yfir** sjö

07:30 / 19:30 klukkan er hálf átta

07:40 / 19:40 klukkan er tuttugu mínútur **í** átta

07:45 / 19:45 klukkan er korter **í** átta

08:00 / 20:00 klukkan er átta

(um morguninn / um kvöldið)



# Hvað er klukkan?

6:25	18:30
15:10	4:45
12:55	23:35
5:20	20:40
10:50	21:00
11:15	22:20
16:05	9:45
10:30	17:10

# Genitiv

M

hestur

hest**s**

hest**a**

hlutur

hlut**ar**

hlut**a**

F

rós

rós**ar**

rós**a**

gjöf

gj**afar**

gj**afa**

sæng

sæng**ur**

sæng**a**

N

barn

barn**s**

barn**a**

epli

epli**s**

epli**a**

# Genitiv: určitý člen

M

hest**sins**

hlut**arins**

hest**anna**

hlut**anna**

F

rós**arinnar**

gj**afarinnar**

sæng**urinnar**

rós**anna**

gj**afanna**

sæng**anna**

N

barn**sins**

epl**isins**

barn**anna**

epl**anna**

## Genitiv: příklady

Reykjavík er höfuðborg Íslands.

Þetta er bíll vinar míns.

Signý er vinkona systur minnar.

Þarna er hús Jóns Sigurðssonar.

## Genitiv: příklady

Allir hlakka **til** aðfangadags**sins** / hátíð**arinnar**  
/ nýárs**sins**.

Þau eru í sumarhúsi **án** bíls og rafmagns**s**.

Ferðinni var aflýst **vegna** storms**sins** / hálkunnar /  
veðurs**s**.

Húsið stendur **milli** skólans**ns** og trjágarðs**sins** /  
kirkjunnar og búð**arinnar** /  
torgs**sins** og bílastæðis**sins**.

# Daglegt líf

Ég heiti Michael. Ég er frá Berlín. Ég ætla að segja ykkur frá daglegu lífi mínu hérna á Íslandi. Ég er skiptinemi við Háskóla Íslands og er að læra íslensku og sagnfræði.

Á virkum dögum vakna ég venjulega klukkan hálf átta. Fyrst fer ég í hressandi sturtu og svo borða ég morgunmatinn minn. Venjulega borða ég morgunkorn og fæ mér svo appelsínusafa og kaffi.

Frá hvaða landi er Michael?  
Hvað gerir hann á Íslandi?  
Klukkan hvað vaknar hann?  
Hvað gerir hann á morgnana?  
Hvað borðar hann í morgunmat?

Hvað gerir þú á morgnana?  
Hvað borðar þú í morgunmat?

Síðan hjóla ég í skólann (það er stundum erfitt út af veðrinu!) til að fara í fyrsta tíma sem byrjar venjulega klukkan korter yfir átta. Eftir skóla, klukkan tólf, hjóla ég svo heim. Ég bý hjá ungu pari í miðbæ Reykjavíkur. Þau heita Edda og Valur og hundurinn þeirra heitir Gréta. Þau eru öll mjög hress, líka Gréta. Það er alltaf fjör á heimilinu. Við búum á þriðju hæð í gömlu húsi.





Hvernig fer Michael í skólann?  
Klukkan hvað byrjar kennslutíminn?  
Hvar býr hann?  
Hvernig líkar honum heimilið?

Hvernig ferð þú í skólann? Með strætó, sporvagn  
eða neðanjarðarlest?  
Hvar býrð þú? Á stúdentagarði eða í íbúð?  
Hvernig líkar þér að búa þar?

Í hádeginu er ég yfirleitt orðinn mjög svangur og fæ mér oft samloku og te í hádegismat. Eftir hádegi legg ég mig. Þegar ég vakna aftur fer ég út í búð að kaupa í matinn og síðan hjóla ég aftur í skólann til að vinna heimavinnuna. Hérna sjáið þið mig til dæmis vera að skrifa ritgerð

í sagnfræði í tölvuveri Háskólans.

Stundum þarf ég að fara á Háskólabókasafnið til að leita að bókum fyrir heimildavinnuna.



Svo tek ég mér auðvitað pásu og hitti skólafélaga mína. Við fáum okkur kaffi og spjöllum saman. Þegar ég er búinn með heimavinnuna fer ég aftur heim og slappa af. Þá fer ég í sund og sit i heita pottinum. Það er ótrúlega notalegt! Um klukkan átta borða ég venjulega kvöldmat. Ég fæ mér oft hamborgara eða fisk með kartöflum. Mér finnst ekki gaman að elda og vaska upp. Þess vegna elda ég bara einfaldan mat sem tekur ekki langan tíma að búa til.



Á kvöldin horfi ég á sjónvarpið, leik mér við hundinn Grétu og spjalla við fólkið sem ég bý hjá. Stundum fer ég út með vinum mínum á lítinn pöbb og fæ mér bjór. En skólinn býður svo næsta morgun og ég fer að sofa um miðnætti – mig dreymir íslenska kind!

Hvað borðar hann í hádegismat?

Hvað gerir hann eftir hádegi?

Hvað borðar hann í kvöldmat?

Hvað gerir hann á kvöldin?

Hvað gerir þú eftir skólann?

Ferð þú í vinnu? Hvenær ert þú í vinnunni?

Hvað þykir þér gaman að gera?

Hvað þykir þér ekki gaman að gera?

Hvað gerir þú venjulega á kvöldin?

Hvað borðar þú venjulega í kvöldmat?

Eldar þú sjálf(ur)?

Þykir þér gaman að elda?

Ég læt hérna fylgja uppskrift að fiskréttinum sem ég bý oft til. Hún er einföld og fljótleg!

fiskflak (ýsa)  
salt  
vatn  
sítróna  
smjör  
kartöflur



1. .... fiskflakið
2. .... það í bita
3. .... vatn í pottinn
4. .... það
5. .... fiskstykkinn í pottinn
6. .... í 10 mínútur
7. .... úr sítrónu yfir fiskstykkinn
8. .... með soðnum kartöflum og smjöri

roðfletta – kreista – skera - borða  
salta – sjóða - setja